

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2000 frá 2. ágúst 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB frá 25. maí 2000 um sérstakan aðgang að áskriftarnetinu sem gerir kleift að veita alhliða rafræna fjarskiptaþjónustu á samkeppnisgrundvelli, þar á meðal margmiðlunarþjónustu um breiðband og háhraðaþjónustu fyrir Netið⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26h (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/322/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„26i. **32000 X 0417**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB frá 25. maí 2000 um sérstakan aðgang að áskriftarnetinu sem gerir kleift að veita alhliða rafræna fjarskiptaþjónustu á samkeppnisgrundvelli, þar á meðal margmiðlunarþjónustu um breiðband og háhraðaþjónustu fyrir Netið (Stjtið. EB L 156, 29.6.2000, bls. 44).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 250, 5.10.2000, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 156, 29.6.2000, bls. 44.

2. gr.

Texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2000/417/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.